



Umsókn um stofnstyrk vegna daggæslu barna í heimahúsi

Skilyrði greiðslu aðstöðustyrks

Umsókn sendist á netfangið sfs@reykjavik.is eða Borgartún 14, 105 Reykjavík

Reykjavíkurborg er nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar þínar vegna umsóknar um stofnstyrk og vegna greiðslu aðstöðustyrks, sem greiddur er án umsóknar, vegna daggæslu barna í heimahúsi í Reykjavík. Vinnslan byggir á samþykki dagforeldra, sbr. 1. tölulið 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og jafnframt 2., 3. og 5. tölulið 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018. Samþykki þetta er hægt að afturkalla í heild eða að hluta hvenær sem er með tilkynningu þess efnis til skóla- og frístundasviðs á netfangið sfs@reykjavik.is. Afturköllun samþykkis hefur ekki áhrif á lögmæti vinnslu persónuupplýsinga sem fram hefur farið fram að þeim tíma. Veitir þú Reykjavíkurborg ekki umbeðnar upplýsingar getur það leitt til þess að ekki verði hægt að afgreiða umsókn þína. Þær upplýsingar sem hér koma fram verða geymdar á öruggum stað og ekki notaðar í neinum öðrum tilgangi en til að veita upplýsingar um umsókn um stofnstyrk og vegna greiðslu aðstöðustyrks vegna daggæslu barna í heimahúsum í Reykjavík.

Með þessari skráningu er unnið með almennar persónuupplýsingar dagforeldra: Nafn, kennitölu, lögheimili, netfang, bankareikning auk upplýsinga um leyfi til daggæslu og þjónustusamning dagforeldrisins við Reykjavíkurborg. Síðar upplýsingar um hvernig styrkur var nýttur í þágu daggæslunnar.

Dagforeldri		
Nafn og netfang		Kennitala
Heimilisfang	Póstnúmer	Sími
Daggæsluleyfi fyrst gefið út	Ef ekki á að greiða inn á sama reikning og niðurgreiðsla er greidd inn á: Bankaupplýsingar vegna greiðslu styrks (bankanr. – höfuðbók – reikningsnr.)	

Skilyrði styrkveitingar eru eftirfarandi:

1. Dagforeldrar, sem fá leyfi Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála til daggæslu barna í Reykjavík í fyrsta sinn eiga rétt á stofnstyrk.
2. Dagforeldrar sem eru með leyfi til daggæslu barna í Reykjavík og sem hafa gert þjónustusamning eiga 24 mánuðum síðar rétt á árlegum aðstöðustyrk.
3. Til að eiga rétt á stofnstyrk þarf að liggja fyrir þjónustusamningur við skóla- og frístundasvið.
4. Til að eiga rétt á stofnstyrk þarf dagforeldri að hafa að lágmarki 3 börn í daggæslu þar sem má eitt barn vera barn dagforeldris.
5. Opnunartími daggæslu skal að lágmarki vera 7 tímar á dag. Ella skerðast greiðslur hlutfallslega. Fullur styrkur er greiddur ef opnunartími er frá 7-9 tímar á dag. Ef opnunartími er undir 7 tímum á dag skerðist styrkur hlutfallslega sem nemur 10% fyrir hverja klukkustund miðað við fullan styrk.
6. Hefji tveir dagforeldrar með nýtt starf saman fær hvort um sig greiddan stofnstyrk til samræmis við reglur þessar. Þegar tveir dagforeldrar starfa saman skal nýta styrkinn til þeirrar aðstöðu sem unnið er í.
7. Hætti dagforeldri störfum innan eins árs frá greiðslu styrksins eða börn í daggæslu eru færri en 3 að meðaltali yfir árið ber að endurgreiða styrkinn að fullu. Við endurgreiðsluna bætast hæstu löglegu dráttarvextir Seðlabanka Íslands hverju sinni frá og með þeim degi að liðinn er mánuður frá því krafa um endurgreiðslu var gerð. Endurgreiðsla tekur mið af breytingum samkvæmt vísitölu neysliverðs eins og hún var við greiðslu styrksins.
8. Dagforeldri sem fær styrk skuldbindur sig til að nýta styrkinn til að bæta aðstöðu í daggæslunni með tilliti til þarfa og öryggis barna sem þar dvelja.

9. Dagforeldri sem fær styrki skuldbindur sig til að skila skóla- og frístundasviði greinargerð um ráðstöfun styrksins auk reikninga eigi síðar en 6 mánuðum frá greiðslu styrks. Greinargerðinni skal skila á sérstöku eyðublaði <https://reykjavik.is/styrkir>.
10. Nánari skilmála er að finna í reglum um stofn- og aðstöðustyrki til dagforeldra.

Undirritað dagforeldri í Reykjavík óskar hér með eftir að fá stofnstyrk vegna daggæslu barna í heimahúsi til samræmis við reglur Reykjavíkurborgar um stofn- og aðstöðustyrki vegna daggæslu barna í heimahúsum í Reykjavík. Aðstöðustyrkur er greiddur án umsóknar, almennt 1. október ár hvert. Með umsókninni skuldbind ég mig til að hlíta framangreindum reglum.

- Ég staðfesti að ég hef kynnt mér [reglur um stofn- og aðstöðustyrki og uppfylli skilyrði þeirra](#).
- Ég staðfesti að ég mun framfylgja umræddum reglum í einu og öllu.
- Ég veiti samþykki mitt fyrir framangreindri vinnslu persónuupplýsinga í þeim tilgangi sem að ofan er lýst.

Reykjavík, _____

Undirskrift dagforeldris

Eyðublað þetta verður geymt í Hlöðunni sem er skjalavistunarkerfi Reykjavíkurborgar. Vinnsluaðili vegna kerfisins er Hugverk hf. Einnig geta gögn verið geymd í Völu, sem er upplýsinga- og skráningarkerfi en vinnsluaðili kerfisins er Advania Ísland ehf. Reikningagerð fer í gegnum kerfið Agresso sem er einnig rekið af vinnsluaðilanum Advania ehf. Reykjavíkurborg hefur gert vinnslusamning við bæði Hugvit hf. og Advania Ísland ehf. um vinnslu og vistun gagna í fyrrgreindum lausnum. Persónuupplýsingar þínar sem veittar eru í þessu eyðublaði eru geymdar ótímabundið á grundvelli lagaskyldu er hvílir á Reykjavíkurborg. Að tilgreindum tíma liðnum er skylt að afhenda Þjóðskjalasafni öll gögn sem unnið er með til varðveislu til samræmis við lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn og ákvörðun borgarstjórnar frá 7. mars 2023.

Nánari upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga má finna í <https://reykjavik.is/personuverndarstefna>. Sérstök athygli er vakin á því að sért þú ósátt/ur við meðferð Reykjavíkurborgar á persónuupplýsingum þínum getur þú ávallt haft samband við persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar (personuverndarfulltrui@reykjavik.is) eða sent erindi til Persónuverndar, (www.personuvernd.is).